

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 126/2013

2013//EES/56/37

frá 13. febrúar 2013

um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB⁽¹⁾, einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þær takmarkanir, sem mælt var fyrir um í tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna⁽²⁾, eru nú í XVII viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Í 1. lið 6. færslu XVII. viðauka við þá reglugerð kom heitið „hlutur“ (e. *article*), sem nær ekki yfir blöndur, í stað heitisins „vara“ (e. *product*), sem var notað í upphaflegum takmörkunum vegna notkunar á asbesti í tilskipun 76/769/EBE. Til þess að 1. liður 6. færslu nái yfir sömu hluti og sú tilskipun skal heitinu „blanda“ bætt við.
- 2) Undanþágurnar í 16. og 17. færslu XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 varðandi notkun blýkarbónata og blýsúlfata í málningu við endurgerð og viðhald listaverka og sögulegra bygginga og innviða þeirra skulu ekki aðeins gilda um notkun slíkrar málningar heldur einnig um setningu hennar á markað til þess að slík málning verði einnig tiltæk vegna vinnu við endurgerð og viðhald.
- 3) Í takmörkuninni í 28., 29. og 30. færslu XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er vísað til sértækra styrkleikamarka, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006⁽³⁾ og í tilskipun Evrópuþingsins og

ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efnablandna⁽⁴⁾, sem eru notuð til að ákvarða hvort efni eða blanda falli undir þá takmörkun. Koma þarf skýrt fram að styrkleikamörkin sem eru tilgreind í tilskipun 1999/45/EB gilda aðeins ef ekki eru sett fram sértæk styrkleikamörk í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

- 4) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2012 frá 19. júní 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka⁽⁵⁾ var keðjustuttum, klóruðum paraffinum bætt við I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE⁽⁶⁾. Framleiðsla, setning á markað og notkun keðjustuttra, klóraðra paraffína er því bönnuð, með fyrirvara um tilteknar undanþágur. Í 42. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eru takmarkanir á tvenns konar notkun keðjustuttra, klóraðra paraffína sem nú er búið að banna með reglugerð (EB) nr. 850/2004 og er færslunni því ofaukið og skal hún felld brott.
- 5) Nota skal samræmda prófunaraðferð sem var samþykkt af Staðlasamtökum Evrópu til að ákvarða innihald vatnsleysanlegs sexgilds króms í sementi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/53/EB frá 18. júní 2003 um tuttugustu og sjöttu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (nónýlfenóls, nónýlfenóletoxýlats og sements)⁽⁷⁾. Koma þarf skýrt fram að 47. færsla í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skuli fela í sér tilvísun í þá prófunaraðferð.
- 6) Efnið metýlendífenýldíísósýanat (MDI), auðkennt með CAS-nr. 26447-40-5 og EB-nr. 247-714-0, sem er í 56. færslu XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, nær yfir allar blöndur hverfna og allar tilteknar hverfur. Tilteknar hverfur hafa þó sérstök CAS- eða EB-númer. Til þess að það sé skýrt að fjallað er um allar hverfur skal bæta þremur sérstökum CAS- og EB-númerum við.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 43, 14.2.2013, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 159, 20.6.2012, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 24.

- 7) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2009 frá 22. júní 2009 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)⁽⁸⁾) voru athugasemdir E, H og S felldar úr formálsorðum 1.–6. viðbæti við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem og úr 1., 2., 3., 5. og 6. viðbæti. Til að gæta samræmis skal einnig fella athugasemdir E, H og S úr 4. viðbæti.
- 8) Í færslunni um díísópentýlþalat í 6. viðbæti við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er vísað í röng EB- og CAS-númer og skal það leiðrétt.
- 9) Staðlasamtök Evrópu hafa samþykkt nýja staðla um prófunaraðferðir fyrir asólitarefni og asóliti. Því er nauðsynlegt að uppfæra 10. viðbæti við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til að taka þá staðla til greina.

- 10) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel BARROSO

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 7.

VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrsta undirliðar 1. liðar 2. dálks 6. færslu komi eftirfarandi:

„1. Framleiðsla, setning á markað og notkun þessara trefja og hluta og blandna, sem þessum trefjum er bætt í af ásetningi, er bönnuð.“

2) Í stað annars liðar í 2. dálki 16. færslu komi eftirfarandi:

„Hins vegar geta aðildarríki, í samræmi við ákvæði 13. samþykktar Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar, heimilað notkun efnisins eða blöndunnar á yfirráðasvæði sínu til endurgerðar og viðhalds listaverka og sögulegra bygginga og innviða þeirra, sem og setningu þeirra á markað til slíkra nota. Aðildarríki sem notfæra sér þessa undanþágu skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.“

3) Í stað annars liðar í 2. dálki 17. færslu komi eftirfarandi:

„Hins vegar geta aðildarríki, í samræmi við ákvæði 13. samþykktar Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar, heimilað notkun efnisins eða blöndunnar á yfirráðasvæði sínu til endurgerðar og viðhalds listaverka og sögulegra bygginga og innviða þeirra, sem og setningu þeirra á markað til slíkra nota. Aðildarríki sem notfæra sér þessa undanþágu skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.“

4) Í stað fimmta undirliðar fyrsta undirliðar 1. liðar í 2. dálki 28., 29. og 30 færslu komi eftirfarandi:

„— viðeigandi styrkleikamörk sem tilgreind eru í tilskipun 1999/45/EB ef ekki eru sett fram sértæk styrkleikamörk í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.“

5) Í 1. dálki 40. færslu koma orðin „reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ í stað orðanna „þá reglugerð“.

6) 42. færsla falli brott.

7) Eftirfarandi 4. liður í 2. dálki bætist við 47. færslu:

„4. Prófunaraðferðirnar í stöðlunum sem Staðlasamtök Evrópu hafa samþykkt fyrir prófanir á innihaldi af vatnsleysanlegu sexgildu krómi í sementi og blöndum sem innihalda sement skulu notaðar til að staðfesta að farið sé að 1. lið.“

8) Í stað 1. dálks í 56. færslu komi eftirfarandi:

„56. Metýlendífenýldíísósýanat (MDI)

CAS-nr. 26447-40-5

EB-nr. 247-714-0

þ.m.t. eftirfarandi tiltekna hverfur:

a) 4,4'-metýlendífenýldíísósýanat:

CAS-nr. 101-68-8

EB-nr. 202-966-0

b) 2,4'-metýlendífenýldíísósýanat:

CAS-nr. 5873-54-1

EB-nr. 227-534-9

c) 2,2'-metýlendífenýldíísósýanat:

CAS-nr. 2536-05-2

EB-nr. 219-799-4“

- 9) Tilvísanir í athugasemdir E, H og S í dálknum með fyrirsögninni „athugasemdir“ í 4. viðbæti eru felldar brott.
- 10) Í stað línunnar með færslunni varðandi 1,2-bensendíkarboxýlsýru, dípentýlester, greinótt og línuleg, n-pentýl-ísópentýlþalat, dí-n-pentýlþalat og díísópentýlþalat í 6. viðbæti komi eftirfarandi:

Efni	Skránumer	EB-númer	CAS-númer	Athugasemdir
„1,2-bensendíkarboxýlsýra, dípentýlester, greinótt og línuleg [1]	607-426-00-1	284-032-2 [1]	84777-06-0 [1]	
n-pentýl-ísópentýlþalat [2]		[2]	[2]	
dí-n-pentýlþalat [3]		205-017-9 [3]	131-18-0 [3]	
Díísópentýlþalat [4]		210-088-4 [4]	605-50-5 [4]“	

- 11) Í stað 10. viðbætis komi eftirfarandi:

„10. viðbætur

43. færsla — Asólitarefni — Skrá yfir prófunaraðferðir

Skrá yfir prófunaraðferðir

Staðlasamtök Evrópu	Tilvísun og titill samhæfða staðalsins	Tilvísun í staðalinn sem leystur er af hólm
CEN	EN ISO 17234-1:2010 Leather — Chemical tests for the determination of certain azo colorants in dyed leathers — Part 1: Determination of certain aromatic amines derived from azo colorants	CEN ISO/TS 17234:2003
CEN	EN ISO 17234-2:2011 Leather — Chemical tests for the determination of certain azo colorants in dyed leathers — Part 2: Determination of 4-aminoazobenzene	CEN ISO/TS 17234:2003
CEN	EN 14362-1:2012 Textílvörur - Aðferðir til ákvörðunar á tilteknum arómatískum aminum sem leiða af asó-litarefnum - Hluti 1: Greining á notkun tiltekinna asó-litarefna sem komast má að með því eða án þess að aðskilja trefjarnar	EN 14362-1:2003 EN 14362-2:2003
CEN	EN 14362-3:2012 Textílvörur - Aðferðir til ákvörðunar á tilteknum arómatískum aminum sem leiða af asó-litarefnum - Hluti 3: Greining á notkun tiltekinna asó-litarefna sem kunna að gefa frá sér 4-aminóasóbensen	